

Útdráttur

Í þessari ritgerð er fjallað um helstu námsmatsaðferðir sem notaðar eru í íslenskum grunnskólum í dag ásamt því sem fjallað er um nokkrar aðferðir sem eru að ryðja sér til rúms hér á landi. Í framhaldi af því eru kostir og gallar aðferðanna skoðaðir út frá heimildum og helstu hugtökum námsmats gerð skil.

Settar voru fram tvær meginspurningar sem leitað er svara við í heimildum um efnið. Spurningarnar eru: *Er ein námsmatsaðferð betri en önnur? Hvernig er námsmat gert sýnilegt fyrir nemendum?*

Helstu niðurstöður eru að í raun er ekki nein ein aðferð betri en önnur heldur þarf kennarinn að kunna skil á sem flestum aðferðum til þess að koma til móts við þarfir einstaklingsins. Til þess að hægt sé að gera námsmat sýnilegra fyrir nemendur þarf að leyfa þeim að taka þátt í að móta matið í samræmi við námsmarkmið skólans og er það gert í formi sjálfsmats og jafningjamats.

Abstract

This essay addresses the most common assessment methods presently used in Icelandic public schools (grades one to ten), as well as a few methods which are gradually coming into use. The strengths and weaknesses of these methods are examined in view of the literature, and their most important concepts are explained.

Two questions are put forward. The answers to them are sought in the literature. The questions are: *Is one assessment method better than another? How are students made aware of how they are assessed?*

Findings show that no one method is better than another. Teachers have to be familiar with a number of methods in order to accommodate the needs of individual students. In order to make assessments more intelligible to students, students must be allowed to participate in formatting assessments in accordance with the school's educational goals. This is accomplished through self assessment and peer assessment.